

BIRGIR KJARAN:

ÞESSI SALUR ER SAGA

Ræða flutt fyrir hönd 25 ára stúdenta við uppsögn
Menntaskólans í Reykjavík 16. júní 1960.

Virðulega samkoma!


Rector, kennarar og stúdentar!

Arin liða, mennirnir eldast. Þó sagði sá snjalli Mechelangelo: „Góðar konur eldast ekki.“ Og þess vegna málaði hann heilaga Guðsmóður alltaf jafnunga. Kannski á þetta líka við um góða skóla. Góðir skólar eldast ekki. Elfa tímans rennur um þá, en sjálfir eru þeir aldrei eldri en nemendurnir, sem sækja þá.

En skóli er líka hús. Þessi skóli hefur veitt mörgum menntun. En það sem meira er: Þetta hús býr yfir menningu. Að vísu má segja, að menning sé bara við mennirnir eins og þeir eru á hverjum tíma, og þó er hún eitthvað, sem ein kynslóð skilar annarri í arf.

Menntaskólahúsið, andi þess og innviðir, er slík arfleifð. Þessi salur er saga í honum hefur verið lifuð saga. Hér finnum við nærveru sögunnar. Héðan hafa gengið og munu ganga þeir, sem eiga eftir að skapa sögu okkar þjóðar. Sagan er hér á veggjunum. Hún er í gömlu bitunum, sem bergmáluðu mótmæli þjóðarleiðtogans mikla. Hún liggur í loftinu og leitar til inn-göngu í hugi okkar á hátíðlegri stundu. Og þótt við hverfum af sviði sögunnar, heldur saga salarins áfram. Hún er ófullgerð hljómkviða, ljóð án loka. Í þá sögu munu komandi kynslóðir sækja til fanga, því að þessi skóli hefur verið börnum sínum örlátur. Menntaskólinn hefur gefið lítilli þjóð mikinn menningarauð. Schubert, tónskáldið góða, sagði: „Ég gaf heim-inum það, sem ég fann í hjartanu.“ Gjafir skólans hafa bæði snert heila og hjarta. Raunvísindin byggja á rökfastri hugsun og hlutlægri dómgreind, húmanisminn á geiglausu hugmyndaflugi og viðurkenningu mannhelginna.

Það er sagt, að við lifum á öld raunvísindanna. Hin fyrsta kynslóð raunvísindamanna hefur haslað sér völl í landi húmanismans. Þessi skóli gaf þeim vegarnestið, mönnunum, sem í dag hlusta eftir Kötlu, lóða hita jarð-arinnar, mæla straumpunga fallvatnanna, kanna þykkt jöklanna, lesa í



far skýjanna, greina gerð jarðvegsins og spá fyrir kynslóðir nytjafiskanna. Við þörfnumst allrar þessarar kunnáttu, við þörfnumst mikilla raunvísinda, en við þörfnumst ekki síður mikils húmanisma, mannúðar og mannvits. Vélvæðing má ekki leiða til vélhyggju, maðurinn verður að halda áfram að vera manneskja, þrátt fyrir atómsprengjur og tunglskot. Það skal á hverjum tíma Sæmund fróða og Guðmund góða til að fást við atóm púkana, halda þeim í skefjum og sveigja til nytsamlegrar þjónustu. Það verður verkefni þessa skóla í framtíðinni að samtvinna í menningu þjóðarinnar raunvísindi og húmanisma og viðhalda þannig arfi frumherja raunvísindanna við þennan skóla, Björns Gunnlaugssonar, spekingsins með barnshjartað.

Mér er nær að halda, að íslensk skólavinátta, og þá ekki sízt sú vinátta, sem fyrst skaut rótum innan veggja þessa skóla, sé varanlegri og risti dýpra en víða annars staðar. Þótt Íslendingar þyki seinir til vináttu, eru þeir vinfastir og vinheitir. Enda er mér ekki kunnugt um, að önnur tungumál eigi í sömu merkingu jafnfögur heiti og orðin bekkjarbróðir og bekkjarsystir. Í landi hinna hverfulu sjóða mun Bræðrasjóður einnig vera einstakt fyrirbæri um sjóð, sem vaxið hefur meira en nemur verðfalli peninganna.

Það fylgir heitunum bekkjarbróðir og bekkjarsystir sérstök hlýja, sem veldur því, að þótt margt beri í milli og leiðir skilji, tökumst við þéttingsfast í hendur og njótum liðinna minninga, þegar við hittumst á stúdentsafmælum.

Fyrir 25 árum vorum við 42, sem gengum niður Skólalábrúna með hvítar húfur og rauðar rósir í barmi. Sá dagur er okkur flestum minnisstæðari en aðrir dagar. Við vorum kynslóð, sem sleit skólaskónum á árum kreppunnar miklu. Þá var vorhret þeirrar æsku, sem nú er komin á manndómsárin. Þá gránaði í rót á hörðu vori íslenzks þjóðfélags. En þann dag gleymdum við hversdagsleikanum. Stúdentsdagurinn kom sem mildur hnúkaþeyr. Þá varð sumar, og það var sól, og sjálfum fannst okkur við vera vaxtarbroddur nýrra tíma.

Ég vona, að þessi virðulegi skóli megi alltaf vekja sams konar kenndir í brjóstum allra ný-útskrifaðra stúdenta. Að hann megi alltaf vera athvarf frjálsrar hugsunar, eða eins og Jón Sigurðsson orðaði það: „Skólinn á að tendra hið andlega ljós.“ Og þeir, sem eiga að lýsa, þeir verða að loga. Loga af sannfæringu og vilja til þess að láta eitthvað gott af sér leiða fyrir samfélagið, fyrir þjóðina. Megi Menntaskólinn kveikja slíka elda. Þjóðin þarfnast þeirra í dag. Manna, sem hafa sannfæringu og kjark til þess að standa við hana. Manna, sem geta sagt eins og klerkurinn í Worms fyrir 440 árum: „Hérna stend ég og get ekki annað.“ Það er menningarlegur protestantismus, sem þetta þjóðfélag vantar, uppreisn einstaklingsins gegn múghyggju og fjöldasamtökum. Megi slík svöl hafræna berast frá þessum skóla.

Ennþá gnæfir gamli skólinn svipmikill yfir hjarta höfuðborgarinnar. Fyrir hönd okkar 25 ára stúdenta vil ég í dag færa honum þakkir fyrir þær ánægjustundir, er við dvöldumst innan veggja hans, og óska honum þess, að hann megi á ókomnum öldum jafnan vera íslenzkri æsku Hungurvaka, stöðugt vekja hungur hennar eftir aukinni þekkingu, aukinni menningu og auknum mannfélagsbótum.

Minnugir glaðra stunda hér á sal, færum við 25 ára stúdentar á þessum tyllidegi okkar, Menntaskólanum í Reykjavík að gjöf hljóðfæri, píanó það, er hér stendur, og við vonum, að því megi jafnan fylgja lífsgleði, það verða fæðingarstaður góðra tónverka og fjölda mörgum stúdentsárgöngum hljómpýð harpa minninganna.